

Dr. Niels Nielsen og jarðfræði Íslands

Fyrst þegar jeg kyntist dr. Niels Nielsen dáðist jeg að honum vegna dugnaðar hans og áráðis; seinna komst jeg að raun um að það er ekki síður ástæða til að dást að honum vegna þess hver vísindamaður hann er og drengskaparmaður. Það hefir því verið mjer ánægja að sjá dr. Nielsen komast í röð fremstu náttúrufræðinga á Norðurlöndum og snúa sínum miklu hæfileikum að jarðfræði Íslands. Ýmsir af ágætustu jarðfræðingum Norðurlanda — og þó raunar víðar að — hafa til Íslands komið, en dr. Nielsen hefir fetað vel í fótspor slíkra manna, og eigi einungis það, heldur farið þar fram yfir. Ekkert sýnir betur hvort um er að ræða andlega mikinn mann eða ekki, heldur en það hvernig hann snýst við verki annara. Reynir þar bæði á vit og drengskap, og það því fremur sem um merkilegri byrjun er að ræða. Sumum er illa við nýjar uppgötv-anir annara, líta svo á sem eitthvað hafi verið frá sjer tekið eða eitthvað það gert er tálmi þeim sjálfum frá því að gera eitthvað merkilegt. En þeir sem vitrari eru og betur innrættir, skilja að því merkilegri sem einhver ný upp-

er um að ræða það sem getur orðið þeim sem hæfir eru til verksins. hjálp til þess að gera eitthvað ennþá merkilegra, og þeir eru þakklátir og velviljaðir gagnvart þeim sem opna hin nýju svæði, enda gera sjer ljóst, að slíks er oft mikil þörf gagnvart þessháttar mönnum, því að þeir eiga oft erfitt uppdráttar. En einnig í þessu efni hefir dr. Nielsen skarað fram úr. Hjer á landi var svo ástatt, að það sem er einmitt sjerstaklega íslenskt í jarðfræði Íslands, hafði farið fram hjá þeim náttúrufræðingum sem landið höfðu skoðað, og þá vitanlega einmitt vegna þess að slíkt var ekki kunnugt annarstaðar. Og mönnum var líka vorkunn þó að þá grunaði ekki að algert myrkur var yfir meir en 9/10 hlutum hins merkilega ísaldatímabils, hjer á landi. Hjer var fyrir hendi möguleiki til þess að hefja alveg sjerstaklega íslenskan þátt í rannsóknasögu landsins, og það var þetta sem jeg gerði. Virtist mjer sem þarna mundi vera að ræða um það sem kalla mætti upphaf að nýrri jarðfræði Íslands, og munu ýmsir hafa veitt því eftirtækt, að það

var einmitt á þann hátt sem dr. Nielsen komst að orði um rannsóknir mínar, í útvarpsávarpi sínu á sunnudagskvöldið. Svo miklum sljóleik — að jeg ekki nefni það sem ennþá verra er — hefir verk mitt átt að mæta, að jeg hefi sannarlega ástæðu til að minnst með þakklæti þess drengskapar sem þessi mikli merkismaður hefir sýnt gagnvart mjer, og bíða með eftirvæntingu rits þess um jarðfræði Íslands, sem von er á frá honum og samverkamanni hans dr. Noe-Nygaard. Þó væri það misskilningur að halda að það sje eingöngu af því að slík viðurkenning af hálfu slíks manns, miðar til að gera mjer ellina auðveldari, sem jeg er dr. Nielsen þakklátur; jeg minnst einnig hins, að verk hans miðar mjög til að efla áhuga jarðfræðinga víðsvegar um lönd á jarðfræði Íslands og stuðlar að því að hjer verði komið á fót stofnum er annist jarðfræðirannsókn landsins, í líkingu við það, sem nú er í öllum mentallöndum, eins og t. d. D. G. U. í Danmörku, S. G. U. í Svíþjóð, N. G. U. í Noregi o. s. frv. Mundi slíkt og sennilega leiða til þess, að keusla í jarðfræði yrði hafin hjer við Háskólann. Er hjer nú orðið gott mannval til að annast slík störf og vona jeg að geta ritað nánar um þetta mál alt síðar.

Hin annars fróðlega frásögu Mbl. af fyrirlestrum dr. Niensens gaf nokkra ástæðu til að ætla að hann hefði haft nafn mitt öðruvísi en jeg hefi það sjálfur. Svo var þó ekki. En jeg get þess af með því að rita ekki nafn mitt á þann hátt sem jeg geri sjálfur og hefi gert nú í meir en 30 ár. Hefir það staðið þannig við nokkur hundruð ritgerðir og greinar á 5 málum og menn eru farnir að hafa nokkur lítilsháttar kynni af því nafni nokkuð víða nú orðið, jafnvel nokkru víðar en jeg hafði búist við, eins og marka má t. d. af því, að franskur vinur minn sendi mjer fyrir nokkru blað úr tímariti sem kmeur út í Brasilíu, og þar sem Helgi Pjeturss er nefndur illustre sabio; (sabio er á portúgölsku sama sem savant — vísindamaður, — á frönsku). Jeg hefi nú um alllangt skeið verið að gera talsvert erfiða tilraun til að færa út svið náttúruvísindanna. og hefi jeg horfið að þessu, ekki af því að áhugi minn á jarðfræði hafi neitt minkað, heldur af því að jeg sá, að þarna var verk sem hin mesta nauðsyn er á að vinna. en skaðlegur dráttur mundi verða á, ef jeg tæki það ekki upp. Og vitanlega er mjer það stuðningur í því verki, ef menn vita að jeg hefi sem jarðfræðingur gert eitt-hvað merkilegt; en til ógagns miðar það ef menn halda, að jarðfræðingurinn Helgi Pjetursson og framhífsfræðingurinn Helgi Pjeturss sjeu tveir menn en ekki einn og hinn sami

30. mars.

Helgi Pjeturss.

Mbl. 28 apríl 1938